

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXXIII. árgangur.

5 hefti.

2002

Nr. 519/2002. Fimmtudaginn 21. nóvember 2002.
Ákærvaldið

(Kolbrún Sævarsdóttir fulltrúi)
gegn

X
(enginn)

Kærumál. Vitni.

Hæstiréttur hafnaði kröfu ákærvaldsins um að skýrsla yrði tekin af tveimur vitnum gegnum síma í opinberu máli gegn X.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnlaugur Claessen, Árni Kolbeinsson og Ingibjörg Benediktsdóttir.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 19. nóvember 2002, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum sama dag. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 18. nóvember 2002, þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um að skýrsla yrði tekin af tveimur vitnum gegnum síma í máli hans gegn varnaraðila. Kæruheimild er í c. lið 2. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka skýrslur af umræddum vitnum gegnum síma.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 18. nóvember 2002.

Úrlausnarefni þessa úrskurðar er hvort heimila eigi að taka skýrslur af tveimur vitnum gegnum síma.

Mál þetta er höfðað á hendur X með tveimur ákærum, sem dagsettar eru 5. júlí og 28. júlí sl.

Ákærða er gefið að sök brot gegn vopnalögum og margs konar kynferðisbrot og frelsissvipting.

Aðalmeðferð málsins hófst 5. þ.m.

II. kafli ákæru dags. 5. júlí sl. er svohljóðandi:

„Fyrir frelsissviptingu og kynferðisbrot, með því að hafa aðfaranótt laugar­dagsins 6. október í bifreiðinni [...], sem ákærði hafði lagt utan vegar skammt frá [...], flett Y, klæðum og tekið ljósmyndir af brjóstum hennar og kynfærum, og við framangreint notfært sér það að hún gat ekki spornað við verknaðinum sökum ölvunar og svefndrunga. Vaknaði Y við það að ákærði var að klæða hana úr nærbuxunum í þeim tilgangi að notfæra sér ástand hennar til að hafa við hana samræði eða önnur kynferðismök, en hún náði að komast undan honum út úr bifreiðinni og flýja inn í [...]. Elti ákærði hana þangað og hélt henni þar nauðugri og varnaði henni því að kalla eftir aðstoð í nokkrar klukkustundir uns hann ók henni heim.“

Tvö vitni áttu að koma fyrir dóminn vegna þessa ákæruleiðar, en þau eru Y, meintur brotþoli sem krefst miskabóta úr hendi ákærða, og sambýlis­maður hennar, Z. Skipaður réttargæslumaður Y greindi frá námsdövl hennar í [...]og óhagræði sem hún hefði af því að sinna vitnaskyldu fyrir dóm­inum.

Samkvæmt vitnalista ákæruvaldsins stóð ekki til að leiða önnur vitni en þessi tvö vegna sakarefnis í ofangreindum ákæruleið. Er í ljós kom að vitnin voru bæði stódd í [...] óskaði ákærandinn eftir því að teknar yrðu af þeim skýrslur í gegnum síma.

Verjandi ákærða kvaðst ekki taka afstöðu til þess hvort Z kæmi fyrir dóminn. Verjandinn taldi heppilegra að Y kæmi fyrir dóminn.

Niðurstaða:

Samkvæmt 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, sbr. 8. gr. stjórn­skipunar­laga nr. 97/1995 og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, hér á eftir skammstafað MSE, ber öllum réttlát málsmeðferð fyrir dómi, eins og lýst er nánar í þessum ákvæðum.

Meðal þess þýðingarmesta sem stuðlar að því að tryggja það er reglan um milliliðalaus sönnunarfærslu fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 48. gr. laga nr. 19/1991, hér á eftir skammstafað oml. Af þessari reglu leiðir að vitni skuli koma til skýrslu­gjafar fyrir dómstól sem á að skera úr um sekt eða sýknu ákærðs manns. Á þess-

ari meginreglu eru undantekningar, sem ekki verður vikið að hér, utan 3. mgr. 49. gr. oml., sbr. 17. gr. laga nr. 36/1999, sem hljóðar svo:

„Nú er vitni stutt fjarri þingstað, eða það hefði annars sérstakt óhagræði af því að koma fyrir dóm, og getur þá dómari ákveðið að skýrsla verði tekin af því á dómþingi gegnum síma eða annað fjarskiptatæki, enda verði skýrslutöku hagað þannig að allir sem staddir eru á dómþingi heyri orðskipti við vitnið.“

Ákvæði þetta er frávik frá meginreglunni um milliliðalausa sönnunarfærslu fyrir dómi og ber því að beita heimildinni með varúð eins og rakið er í greinargerð með þessu lagaákvæði. Í greinargerðinni segir jafnframt að dómari eigi að sjá til þess að fyrir dóm komi jafnan þau vitni sem mikilvæg gætu talist, t.d. brotaþoli.

Samkvæmt d-lið 3. mgr. 6. gr. MSE á hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi meðal annars rétt á því að spyrja vitni eins og lýst er í þessu ákvæði. Sambærilegt ákvæði er í 2. mgr. 59. gr. oml. um rétt verjanda ákærða til að spyrja vitni. Þetta verður best tryggt með því að mikilvæg vitni komi fyrir dóm.

Vitnin Y og Z eru einu vitni ákæruvaldsins vegna ákæruliðarins sem að ofan greinir þar sem ákærði neitar sök. Samkvæmt því verður ekki hjá því komist að líta svo á að þessi vitni séu bæði mikilvæg. Skýrslutaka gegnum síma af þessum vitnum yrði brot á framangreindum meginreglum og ef ákveðið yrði að verða við kröfu ákæruvaldsins um símaskýrslur af þessum vitnum gæti það veikt gildi vitnisburðar þessara vitna. Það er einnig réttur hins ákærða að fá þessi vitni fyrir dóm. Flug til [...] eru tíð og hægur vandi að haga fyrirtöku í málinu eins og hentugast er fyrir vitnin úr því sem komið er.

Dómara er samkvæmt ofanritaðu ætlað að tryggja að mikilvæg vitni komi fyrir dóm.

Með vísan til alls ofanritaðs er ekki hjá því komist, eins og hér stendur á, að hafna kröfunni um að teknar verði skýrslur símléiðis af þessum tveimur vitnum.

Guðjón St. Marteinsson héraðsdómari kveður upp úrskurðinn samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga nr. 19/1991, en uppkvaðing úrskurðarins hefur dregist nokkuð sökum embættisanna.

Ú r s k u r ð a r o ð :

Kröfu ákæruvaldsins um símaskýrslur af vitnunum Y og Z í málinu nr. S-2189/2002 er synjað.